

Glæðum Grímsey

Ársskýrsla 2019



BYGGÐASTOFNUN



Akureyri



EYPTING

SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM



Um byggðapróunarverkefnið Glæðum Grímsey

Verkefnið í Grímsey hófst árið 2015 og verkefnisstjóri hóf störf í nóvember sama ár. Íbúafundur var haldið í Múla í Grímsey í byrjun maí 2016 og út frá niðurstöðum þess var unnin framtíðarsýn og markmið fyrir verkefnið. Þar völdu Grímseyingar líka nafn verkefnisins; *Glæðum Grímsey*. Drög að stefnumótun kynnt fyrir íbúum á vel sóttum fundi í lok árs 2016.

Verkefnið byggir í grunninn á þremur meginmarkmiðum og undir hverju þeirra eru svo skilgreind og tímasett starfsmarkmið.

Meginmarkmiðin eru:

- Sterkur grunnatvinnuvegur
- Þróttmikið og samheldið samfélag
- Einstakur staður

Undir meginmarkmiðunum voru síðan skilgreind 34 nákvæmari starfsmarkmið.

Í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja:

Eva Pandora Baldursdóttir - Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson – Byggðastofnun

Halla Björk Reynisdóttir – Akureyrarbær

Gunnar Gíslason – Eyþing

Baldvin Valdemarsson – Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

Guðrún Inga Hannesdóttir – Fulltrúi íbúa

Karen Nótt Halldórsdóttir – Fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson – Fulltrúi íbúa

Verkefnastjóri Glæðum Grímsey er Helga Íris Ingólfssdóttir

Árið 2019

Starfið árið 2019 fólst að mestu leiti í utanumhaldi varðandi styrkúthlutanir, samningagerð við styrkhafa og eftirfylgni með þeim samningum og verkefnum sem þegar voru í gangi.

Verkefnisstjórn Glæðum Grímsey fundaði fjórum sinnum árið 2019, þar af voru tveir símafundir.

- Símafundur þar sem íbúafundur var skipulagður 10. janúar 2019.
- Verkefnisstjórn fundaði fyrir íbúafund í Múla 3. febrúar 2019.
- Símafundur þar sem farið var yfir styrkumsóknir þann 29. maí 2019.
- Fundur með hluta verkefnisstjórnar í fundarsal AFE á Akureyri í nóvember 2019

Verkefnisstjóri fundaði líka með fulltrúum íbúa í verkefnisstjórninni í Grímsey í maí, júlí og september.

Árlegur íbúafundur var haldinn í Múla sunnudagskvöldið 3. febrúar 2019. Um 20 eyjarskeggjar sátu fundinn en að auki var þar verkefnisstjórn byggðapróunarverkefnisins Glæðum Grímsey, bæjarstjórinn á Akureyri, einn bæjarfulltrúi og tveir starfsmenn Vistorku og Orkustofnunar.

Á fundinum var farið yfir stöðu verkefnisins og hvernig gengi að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í upphafi. Segja má segja að tekist hafi að ná 15 af þeim 34 starfsmarkmiðum sem skilgreind voru í upphafi verkefnisins auk þess sem mörg önnur eru í vinnslu. Að lokinni formlegri dagskrá fundarins var skipað í þrjá vinnuhópa sem fjölluðu um ný markmið og ítarlegri útfærslu á fyrri markmiðum. Niðurstaða fundarins var sú að ákveðið var að bæta níu nýjum starfsmarkmiðum við aðgerðaráætlunina og endurorða sex til viðbótar. Starfsmarkmiðin eru því 42 eftir breytingu.

Helstu verkefni 2019

Í Grímsey hafa mörg af markmiðunum sem lagt var upp með í upphafi náðst og má þar nefna stór markmið eins og bætt netsamband, betra símsamband, breytta áætlun ferjunnar og fjölgun ferða, niðurgreiðslu á flugfargjöldum og fjölgun afþreyingarmöguleika fyrir ferðafólk.

Einnig má nefna að markmið hvað varðar **Grímseyjarskóla**, ss. skóli upp í tíunda bekk og samstarf við aðra skóla, náðist þó að á vordögum 2019 hafi orðið ljóst að Grímseyjarskóli yrði ekki starfandi næsta skólaár vegna fækkunar nemenda. Mikilvægt er að huga að samfélaginu í Grímsey núna þegar skólinn er ekki starfandi og hætt við því að það reynist erfitt því hann hefur alltaf verið einn af föstu punktunum.

Sjálfbærari orkunotkun og orkuöflun í Grímsey eru eitt af stóru markmiðunum sem lagt var upp með en hefur ekki gengið sem skildi. Nú í apríl fékk Eyþing styrk úr stefnumótandi Byggðaáætlun til þess að skoða fýsileika orkuskipta fyrir Grímsey. Markmiðið er að hætta brennslu jarðefnaeldneytis í Grímsey, framleiða rafmagn og hita með lífdísli, vind- og sólarorku. Verkefnið var styrkt um kr. 5.200.000. og er unnið í undir stjórn Vistorku. Mikilvægt er að fylgja þessu verkefni vel eftir og ná að koma orkuöflun Grímseyinga í betra horf. Margir spennandi möguleikar eru í kortunum fyrir orkuöflun og orkusparnað í Grímsey og eru hugmyndir um vindmillu(r) þær sem hæst skora og þykja raunsæstar. Undanfarin ár hefur það helsta sem áunnist hefur í þessum efnum verið það að Vistorka hefur í samvinnu við Rarik blandað lífdísli saman við olúna sem notuð er á rafstöðina og það gefið góða raun.

Í apríl 2019 samþykkti bæjarstjórn Akureyrarbæjar að veita 75% **afslátt af gatnagerðargjöldum** í Hrísey og Grímsey út árið 2021. Vonir standa til að þetta styðji við uppbyggingu atvinnulífs í eyjunum og fjölggi jafnvel íbúum.

Ferðapjónusta í Grímsey gekk mjög vel sumarið 2019, ferðamönnum fjölgaði og einnig varð fjölgun á afþreyingarmöguleikum í eyinni ss. hjólaleiga, köfunarferðir og fleira. Aðalferðamannatíminn í júní og júlí er orðinn mjög vinsæll og eiga gistiheimilin í Grímsey

orðið erfitt með að sinna eftirspurn á þessum árstíma. Mörg af þessum fyrirtækjum sem sinna ferðaþjónustu hafa hlotið styrki frá byggðaróunarverkefninu Glæðum Grímsey.

Grímseyingar hafa kallað eftir breytingum á lögum er varða bæði fiskveiðar og líka skattalöggjöf. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi gerir nýliðum t.d. mjög erfitt fyrir að koma undir sig fótunum í greininni. Nú hefur verið skipað í starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ríkið hefur varið til margvíslegra sértækra aðgerða, svo sem **byggðakvóta, sértæks byggðakvóta, línuívilnunar, strandveiða og fleira**. Vonast er til þess að sú vinna skili einhverjum breytingum á kerfinu í þágu hinna Brothættu byggða.

Seinni hluta árs 2019 fékk Þjóðskrá í samvinnu við Akureyrarbæ og Brothættar byggðir í Hrísey og Grímsey **styrk úr stefnumótandi Byggðaaætlan** til þess að koma á fót fjarvinnslu í Hrísey og/eða Grímsey við skráningu þinglýstra ganga í landeignaskrá. Um er að ræða tvö tímabundin störf út árið 2021. Auglýst var eftir starfsmönnum til stafans og var einn ráðinn í Grímsey og annar í Hrísey.

Verkefnið *Brú yfir í Borgina* sem fengið hafði styrk að andvirði kr. 1.150.000 til þess að láta hanna brú út í klettaborg við Borgir í Grímsey reyndist ekki ganga upp og var sá **styrkur endurgreiddur** árið 2019. Andvirði hans var bætt við styrkfé til úthlutunar árið 2019.

Verkefnastjóri vann samantekt vegna Glæðum Grímsey sem tekið var fyrir á fundi bæjarstjórnar Akureyrar í september 2019 ásamt **áskorun á Byggðastofnun og Akureyrarbæ** frá íbúum í Grímsey þar sem farið er fram á það að verkefninu Glæðum Grímsey verði framhaldið í a.m.k. eitt ár til viðbótar. Það sé mat íbúa að það hversu seint gekk að koma verkefninu af stað í upphafi og sú alvarlega staða sem nú sé uppi í Grímsey séu nægjanlegar ástæður til þess að verkefninu sé framhaldið. Akureyrarbær tók undir áskorunina og fór það svo að á haustmánuðum samþykkti Byggðastofnun að halda verkefninu **Glæðum Grímsey áfram út árið 2020**.

Verkefnastjóri hélt áfram þátttöku í Erasmus+ verkefninu **Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe**, sem unnið er undir forrystu Byggðastofnunar. Öllum verkefnastjórum Brothættra byggða á Íslandi var boðið að taka þátt enda markmið verkefnisins að styðja við brothættar byggðir með því að útbúa kennsluefni, þjálfar leiðbeinendur til starfa og halda námskeið. Þátttaka verkefnastjóra hófst á haustmánuðum 2018 og fólst m.a. í verkefnavinnu og þjálfun ásamt öðrum þátttakendum. Verkefnastjóri sótti vinnulotu með öðrum þátttakendum í Skaftárhrepp í maí 2019. Lokafundur, samantekt og kynning á verkefninu fór svo fram í Skagafirði í júní 2019.

Þrátt fyrir að verkefni Glæðum Grímsey hafi að mörgu leiti gengið vel þá hefur það því miður ekki náð að hafa áhrif á fólksfækkunina. Samfélagið í Grímsey glímir við einstaklega erfiðar áskoranir og líklega þarf eitthvað fleira að koma til en þetta byggðapróunarverkefni svo að þróunin breytist. Líklega hefði þurft að takast á við vandann fyrr og með meira afgerandi hætti. Sumarið 2019, eftir lokun skólans, voru settar fram hugmyndir um að bæjarstjóri eða

aðilar úr bæjarstjórn myndu bara setjast niður með hverjum og einum íbúa og heyra hvernig viðkomandi sér fyrir sér framtíðina. Það samtal fór fram síðastliðinn vetur og voru niðurstöður þess teknar með inn á síðasta starfsár Glæðum Grímsey.

Styrkir til verkefna

Frá upphafi hefur verkefninu Glæðum Grímsey verið úthlutað kr. 28.000.000 frá Byggðastofnun sem verkefnisstjórn Glæðum Grímsey hefur úthlutað til 25 mismunandi verkefna í Grímsey, eða 7 milljónum á ári að meðaltali. Íbúum og öðrum hefur gefist kostur á því að sækja um og fá styrk til þess að vinna að verkefnum eða rekstri sem eflir byggð í Grímsey á einhvern hátt. 14 af þessum verkefnum er nú þegar lokið en 11 eru enn í vinnslu.

Verkefni sem hafa fengið styrk frá Glæðum Grímsey eru margskonar. Helstu verkefni sem hægt er að nefna eru: Markaðssetning og nýjar heimasíður fyrir gistiheimilin, stuðningur við Sólstöðuhátíð í Grímsey, kaup á búnaði fyrir Frisbígolf-völl, kaup á köfunarbúnaði fyrir ferðþjónustuaðila, stigi frá bakka og niður á höfn, viðhald á húsnæði gistiheimilanna og síðast en ekki síst búnaður til að bæta netsamband í eygni.

Styrkir til verkefna 2019

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Glæðum Grímsey í apríl 2019. Til úthlutunar var styrkfé ársins 2019, eða kr 7.000.000 auk kr 1.150.000 sem voru eftir frá fyrra ári, eða samtals kr 8.150.000. Frestur til þess að skila inn umsóknum var til 6. maí 2019 og bárust alls sjö umsóknir um styrki.

Öll verkefni sjö fengu úthlutað styrk, en þau voru:

Minjagripur – Orbis et Globus

Umsækjandi er Anna María Sigvaldadóttir. Hugmynd Önnu Maríu er að þróa minjagrip sem yrði einskonar miniature-útgáfa af listaverkinu Orbis et Globus sem er staðsett nyrst í Grímsey, en verkið er nú þegar orðið kennileiti í Grímsey. Fyrir lá samþykki hönnuða Orbis et Globus fyrir framleiðslu á minjagripnum. Anna María fékk styrk að upphæð kr, 200.000 fyrir undirbúning og hönnun á minjagripnum

Köfun og snorkel í Grímsey

Umsækjandi er Arctic Trip ehf. sem hefur það að markmiði að efla ferðþjónustu í Grímsey og fjölga afþreyingarmöguleikum. Arctic Trip sótti um styrk að upphæð kr. 6.153.680 sem ætlaður var til kaupa á báti sem hentar fyrir starfseminu og köfunarbúnaði og búningum. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 1.500.000 fyrir kaupum á köfunarbúnaði og búningum. Glæðum Grímsey taldi sér ekki fært að styrkja kaup á bát.

Stigi frá Fiskepalli niður á höfn

Kiwanisklúbburinn Grímur í Grímsey sótti um styrk til þess að láta smíða timburstiga frá Fiskepalli framan við Búðina og niður á austurenda hafnarsvæðisins. Þarna er nokkuð hár bakki og myndi það bæði efla öryggi gangandi vegfarenda á höfninni og stytta leiðina milli bæjar og hafnar ef af svona stiga yrði. Kiwanisklúbburinn Grímur fékk úthlutað umbeðnum styrk að upphæð kr. 2.600.000.

Sólstöðuhátíð 2019

Umsækjandi er Kvenfélagið Baugur. Markmið verkefnisins var að standa að Sólstöðuhátíð 2019, sem er fjölskylduhátíð í Grímsey. Kvenfélagið fékk styrk frá Glæðum Grímsey fyrir Sólstöðuhátíð 2018 og gekk það verkefni vel. Umsækjandi fékk úthlutað styrk að upphæð kr. 600.000. fyrir ferða- og gistikostnaði skemmtikrafta, vinnu við undirbúning, nýjum veiðistöngum og skreytingum.

Minjagripur

Umsækjandi er Krístrún Hjálmarsdóttir. Hún sótti um styrk til þess að vinna að gerð minjagripa sem unninn er m.a. úr rekaviði frá Grímsey. Krístrún fékk úthlutað styrk að upphæð kr. 200.000 fyrir efniskostnaði, flutningi og vinnu við gerð minjagripsins.

Glerskipti á Básam

Umsækjandi er Básavík ehf. sem sótti um styrk til þess að skipta út gleri í gluggum á gistiheimilinu Básam, en margar rúður í húsinu eru komnar á tíma. Verkefnið var styrkt um kr. 550.000.

Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey

Umsækjandi er Munin ehf. Fyrirtækið hefur verið með vespuleigu í Grímsey undanfarin ár og á síðasta ári bættust fjallahjól við. Sótt var um styrk að upphæð kr. 3.390.000 til þess að auka við framboð af fjallahjólum, setja upp veitingavagn og fyrir hönnun og prentun á kynningar- og markaðsefni auk gerðar heimasíðu. Einnig var sótt um styrk fyrir vinnu við leyfismál og áætlanagerð.

Eigandi Munins ehf. fékk styrk til þess að láta vinna viðskiptaáætlun fyrir jet-ski leigu í Grímsey árið 2018. Sá styrkur var upp á kr. 750.000 og var ekki búið að skila inn fyrir það verkefni. Ákveðið var að verkefnið fengi styrk að upphæð kr. 2.500.000, en að sá styrkur yrði skilyrtur því að lokaskýrslu yrði skilað fyrir fyrra verkefni.